

Fyrirspurn

til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um brunavarnir á flugvöllum landsins.

Frá Vigdísi Hauksdóttur.

1. Telur ráðherra að brunavarnir á flugvöllum landsins séu með þeim hætti að fullt öryggi sé tryggt?
2. Telur ráðherra að menntun, þjálfun og búnaður þeirra sem sinna eiga brunavörnum á flugvöllum landsins sé eins og best verður á kosið?
3. Er ráðherra þeirrar skoðunar að lög um brunavarnir gildi ekki um flugvallarslökkvilið?
4. Hyggst ráðherra endurskoða reglugerðir um flugvelli, eins og brunamálaráð hefur lagt til, með vísan í lög um brunavarnir þannig að gildissvið laganna sé ótvírætt?
5. Telur ráðherra forsvaranlegt að ætla slökkviliðum sveitarfélaga að sinna brunavörnum á flugvöllum þótt engir tekjustofnar séu tryggðir til þess hlutverks, þar sem flugrekstur ber ekki brunamálalagjald eins og fasteignir?